

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Brynjureitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 30. maí 2013, breytingu á deiliskipulagi Brynjureits 1.172.0. Í breytingunni felst uppbygging á Brynjureit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Eggertsgata.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 24. maí 2013, breytingu á skilmálum deiliskipulags stúdentagarða við Eggertsgötu. Í breytingunni felst að afmarka byggingareiti fyrir byggingar við Eggertsgötu 2-34 og Suðurgötu 121 og einnig að heimilt verði að starfrækja leikskóla á 1. hæð Eggertsgötu 30-32. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Láland 18-24.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 31. maí 2013, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, svæði 3, vegna lóðarinnar nr. 18-24 við Láland. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 3. júní 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 18. júní 2013